

7. Sen, Jón, nemi, Reykjavík, fæddur 9. febr. 1924, í Kína. 73  
 8. Torgilstveit, Martin Hansen, járnsmiður, Reykjavík, fæddur 19. febr. 1905, í 30. des.  
 Noregi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Finnur Jónsson.*

## L Ö G

74

um breyting á lögum nr. 39 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938,  
 um bændaskóla. 30. des.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrjú skólar á landi hér, er veita bændafnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji í Skálholti í Biskupstungum.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

2. málsg. sérákvæða um bændaskóla Suðurlands falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*

## L Ö G

75

um breyting á hafnarlögum fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 62 3. nóv. 1915. 20. des.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Framan við 1. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

- a. (1. gr.) Til hafnargerðar á Akureyri veitist úr rikissjóði  $\frac{1}{3}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem rikisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum,